



Akraneskaupstaður

Faxaflóahafnir sf.

B.t. Gísla Gíslasonar hafnarstjóra

101 Reykjavík

Akranesi, 15.september 2017

**Efni: Viðræður um möguleg eignaskipti Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna.**

Undanfarnar vikur hafa farið fram óformlega viðræður á milli undirritaðs og hafnarstjóra um möguleikann á tilteknum eignaskiptum á milli Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna en í raun er um að ræða málefni sem oft hefur verið rætt á milli aðila á undanförunum árum. Umræðurnar núna hafa fyrst og fremst snúist um möguleg skipti á fasteign Akraneskaupstaðar að Faxabraut 10 annars vegar og fyllingar austan megin við Sementsbryggju sem er í eigu Faxaflóahafna hins vegar.

Með erindi þessu er óskað eftir að stjórn Faxaflóahafna taki málið til umfjöllunar og e.a. veiti hafnarstjóra formlega heimild til að ganga til viðræðna við Akraneskaupstað um málefnið svo unnt sé að halda áfram með málið. Fyrirhugað er að taka málið fyrir í bæjarráði fimmtudaginn 28. september næstkomandi og fá sams konar heimild frá bæjarráði.

Markmiðið viðræðnanna er að kanna ítarlega kosti og galla þessa sem vonandi leiða til formlegs samkomulags sem yrði þá eðli máls samkvæmt gert með fyrirvara um samþykki bærarstjórnar Akraness annars vegar og stjórn Faxaflóahafna hins vegar.

  
BÆJARSTJÓRINA  
Sævar Freyr Þráinsson  
AKRANESI  
bæjarstjóri